



LANDLÆKNISEMBÆTTID

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

2. árg. 9. tölublað. September 2006.

EFNI:

Viðbragðsáætlun um varnir gegn heimsfaraldri inflúensu

bls.

1

Sýklalyfja-gagnagrunnur í vinnslu

2

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórólfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTID

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN UM VARNIR GEGN HEIMSFARALDRI INFLÚENSU

Á ríkisstjórnarfundum þann 10. febrúar sl. var ákveðið að fela ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni að mynda stýrihóp til að vinna að viðbragðsáætlun við heimsfaraldri inflúensu, skilgreina verkefni og hlutverk samstarfsaðila og setja almannavarnastarfi tímamörk. Vinnuhópar á vegum stýrihóps eru um þessar mundir 27 talsins. Tæplega 100 manns koma nú að þessari vinnu á einn eða annan hátt.

Allir hópar eiga að skila drögum í lok september þessa árs og hefist þá samlestur á afrakstri hópanna. Heildardrög eiga að liggja fyrir í nóvember.

Vinnuhóparnir hafa fjallað um eftirfarandi efni: Bilanir, bólusetningar, dreifingu nauðsynjavara, fræðslu til almennings og faghópa, heilbrigðisþjónustu við dýr, innra og ytra öryggi og eftirlit sjúkrastofnana, lyf og hjúkrunarvörur, meðhöndlun og vörslu látinna, almenna og sértæka þósthjónustu, sálrænan stuðning, sjúkraflutninga, skólahald, sorphirðu, takmarkanir á ferðafrelsi,



æðstu stjórn landsins, veirulyf, vitjanir í heimahús, fangelsi, heimahjúkrun og ytra öryggi mikilvægra stofnana. Þá er í undirbúningi stofnun vinnuhópa um banka- og fjármálaþjónustu og matvælaframleiðslu og birgðahald.

Mikilvægir áfangar hafa náðst á nokkrum sviðum. Eins og áður hefur komið fram hafa verið keyptir til landsins 89.000 meðferðarskammtar af inflúensulyfjum. Gerðir hafa verið samningar um 20.000 skammta til viðbótar á þessu og næsta ári. Haldið verður áfram að auka birgðirnar.

Samið hefur verið um neyðarbirgðir af dreypilyfjum sem eiga að duga í slæmum faraldri í þrjá mánuði jafnvel þótt allir aðflutningar til landsins brygðust. Þetta er nauðsynlegt í ljósi þess að engin framleiðsla er á dreypilyfjum í landinu um þessar mundir. Á næstunni verður sett reglugerð um birgðahald nauðsynjalyfja hér á landi.

Íslendingar tóku ásamt Dönum þátt í útboði á kauptryggingu fyrir bóluefni vegna heimsfaraldurs inflúensu og er búist við að samningar um málið verði undirritaðir af

(Framhald bls. 2)



Samíð hefur verið um neyðarbirgðir af dreyþilyfjum sem eiga að duga í slæmum faraldri í þrjú mánuði.

Unnið er að því að treysta þær upplýsingar sem fara í grunninn og byggja þannig upp áreiðanlegan og samanburðarhæfan sýklalyfjagagnagrunn.

hálfu Íslands á næstu vikum. Þá eru samningar um kaup á hlífðarfátnaði við farsóttum á næsta leiti.

Gert er ráð fyrir að heildardrög að viðbragðsáætlun liggi fyrir í nóvember á þessu ári og að viðbragðsáætlunin verði æfð vorið 2007.


SÝKLALYFJAGAGNAGRUNNUR Í VINNSLU

Á undanförunum áratug hafa bakteríur myndað ónæmi gegn mörgum sýklalyfjum sem áður voru notuð með góðum árangri. Með þverrandi lækningamætti lyfjanna hafa bakteríusýkingar orðið erfiðari viðureignar. Þessi þróun er alþjóðlegt áhyggjuefni og því hefur þótt ástæða til að sameina þekkingu þjóða í því skyni að sporna gegn frekari þróun ónæmra bakteríustofna, setja þjóðum sameiginleg markmið í þessu efni og marka leiðir til að ná þeim. Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegu- og norrænu samstarfi á þessum vettvangi.

Skynsamleg sýklalyfjanotkun er hluti af opinberri stefnu íslenskra heilbrigðisyfirvalda. Árið 2004 voru gerðar breytingar á sóttvarnalögum með ákvæðum um að sóttvarnalækni væri skylt að fylgjast með sýklalyfja-

notkun landsmanna og þróun ónæmis gegn sýklalyfjum og færa upplýsingar þar að lútandi í sérstakan gagnagrunn. Upplýsingunum er ætlað að vera til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Um þessar mundir er unnið að því að treysta þær upplýsingar sem fara í grunninn og byggja þannig upp áreiðanlegan og samanburðarhæfan sýklalyfjagagnagrunn. Skýrsla um sýklalyfjanotkun á árinu 2005 er senn fullbúin.

Á undanförunum misserum hefur vaknað æ meiri áhugi á lyfjaupplýsingum og lyfjatölfræði er farin að skipta samfélagið máli. Heildarlyfjakostnaður árið 2005 var lægri en síðustu tvö árin á undan, en þrátt fyrir það hefur sýklalyfjanotkun aukist jafnt og þétt eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.



*Skilgreindir dagskammtar. (Defined Daily Doses)